



T I L L A G A

um samkomulag Kópavogsbæjar við Hrafnistu um rekstur félagsmiðstöðvar eldra fólks í Boðapingi

Viðtakandi: Björg Baldursdóttir formaður velferðarráðs

Sendandi: Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs
Jón Kristján Rögnvaldsson skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Málsnr: 2409224

Dags. 10. september 2024

Á fundi velferðarráðs þann 9.9.2024 var lögð fram til kynningar tillaga að samstarfi við Hrafnistu vegna Boðapingis. Velferðarráð bókaði eftirfarandi:

Velferðarráð þakkar fyrir góða kynningu. Málinu er vísað til kynningar og umsagnar í öldungaráði.

Félagsmiðstöðvar eldra fólks í Kópavogi

Félagsmiðstöðvar eldra fólks eru í dag þrjár talsins. Þær eru staðsettar í Boðapingi, Gullsmára og Gjábakka. Fjöldi starfsmanna er 12 í 8,34 stöðugildum og skiptast þeir svo:

	Boðaping		Gjábakki		Gullsmári	
	stm	stg	stm	stg	stm	stg
Matráður	2	1,8	2	1,25	2	1,3
Frístundaleiðbeinandi	1	1	1	1	1	1
Forstöðumaður	1	0,33	1	0,33	1	0,33
Samtals	4	3,13	4	2,58	4	2,63

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leggur áherslu á að efla þjónustu til eldra fólks í sveitarfélaginu og bjóða upp á fjölbreytt og öflugt félagsstarf. Fjölbreytt dagskrá er í boði á hverjum stað eins og jóga, Qi-gong, boccia, leikfimi, tréútskurður, postulínsmálun, myndlist, bóka- og ljóðalestur og fleira.

Forsagan og Lífsgæðakjarni Hrafnistu

Hrafnista hefur rekið hjúkrunarrými í Boðapingi frá árinu 2010 en í dag eru þar 44 hjúkrunarrými ásamt 30 rýmum í dagvöl en framkvæmdir standa yfir vegna byggingar 64 hjúkrunarrýma til viðbótar. Áætlað er að þau rými verði tilbúin um mitt ár 2025. Með þeirri uppbyggingu ásamt 95 leiguíbúðum Naustavara í nágrenni við hjúkrunarheimilið er ljóst að umfang starfsemi Hrafnistu og Naustavara í Boðapingi er orðið afar umsvifamikill.

Í dag er félagsmiðstöð eldra fólks sem rekin er af Kópavogsbæ staðsett í sama húsnæði og dagdvalar- og hjúkrunarrými Hrafnistu. Afar gott samstarf hefur verið á milli Hrafnistu og Kópavogsbæjar um starfsemina í húsinu en auk félagsmiðstöðvarinnar rekur bærinn

sundlaug í kjallara hússins. Laugin er í dag samnýtt sem skólasundlaug og almenningssundlaug opin eldri borgurum (67+). Fulltrúar Hrafnistu og Kópavogsbæjar skipa verkefnahóp sem vinnur sameiginlega að skilvirkum rekstri hússins og stuðlar að góðum samskiptum og samstarfi.

Forsvarsmenn Hrafnistu og Naustavara hafa lýst yfir áhuga á að taka yfir rekstur félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk í Boðarþingi og setja upp s.k. lífsgæðakjarna sambærilegan við þá sem starfræktir eru í Hafnarfirði, Reykjavík og Reykjanesbæ.

Tillaga að skipulagsbreytingu á félagsstarfi aldraðra

Lagt er til að samið verði við Hrafnistu/Naustavör um rekstur á félagsmiðstöðinni í Boðarþingi þ.m.t. matarþjónustu í hádegi. Með því að samnýta aðstöðu hjúkrunarheimilis, þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða er mögulegt að auka framboð af þjónustu og afþreyingu fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu og bjóða upp á aukna samfellu á milli þjónustustiga. Stefnt verður áfram að því að gefa eldra fólk tækifæri til að blómstra með þátttöku í félagslífi um leið og því gefst kostur á fjölbreyttri þjónustu í nánasta umhverfi sínu. Takmarkið er að lífsgæðakjarninn verði að akkeri í hverfinu, þangað sem fólk getur sótt sér þjónustu, félagsskap og afþreyingu af ýmsu tagi. Húsið yrði áfram opið öllum og í boði fjölbreytt dagskrá og viðburðir þar sem leitast er eftir því að sníða starfið að áhugasviði sem flestra eins og hefur verið gert undanfarin ár í félagsmiðstöðinni Boðanum. Áfram yrði lögð áhersla á samstarf við Félag eldri borgara í Kópavogi, stutt við sjálfsprottna áhugahópa og þeim veitt aðstaða. Einnig væri gerð krafa um gott samstarf við Miðjuna miðstöð stuðnings- og stoðþjónustu á velferðarsviði sem heldur utan um alla stuðningsþjónustu m.a. til eldra fólks í formi heimilisþrifa og innlits auk tengingar á milli félagsstarfs og heimaþjónustu. Um væri að ræða tímabundinn samning sem yrði endurskoðaður m.t.t. reynslunnar.

Áhrif á störf í Boðarþingi

Samhliða þeirri breytingu að rekstur félagsmiðstöðvar í Boðarþingi myndi færast af hendi bæjarins er lagt til að stöðugildi forstöðumanns félagsmiðstöðva eldri borgara yrði óskert, en skiptist þá jafnt á félagsmiðstöðvarnar í Gullsmára og Gjabakka. Með því skipulagi gefst forstöðumanni aukið svigrúm til að vinna uppbyggilegt starf sem snýr m.a. að því að fyrirbyggja félagslega einangrun og auka heilsuefningu, forvarnarstarf og félagslega styrkingu. Væri það liður í að ná þeim markmiðum sem bæjarfélagið hefur sett sér varðandi heilsuefningu og betri andlegri líðan eldra fólks í sveitarfélaginu í samþykktari stefnu velferðarsviðs.

Í dag eru starfandi hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar tveir starfsmenn í 1,8 stöðugildum sem matráðar í mötuneyti Boðarþings. Ef gengið verður frá samkomulagi um yfirfærslu á starfsemi og rekstri félagsmiðstöðvar eldra fólks í Boðarþingi til Hrafnistu, að þá mun starfsfólki mötuneytisins standa til boða að sinna áfram sínum störfum en þá hjá Hrafnistu.

Kynning og samráð

Við undirbúning og framkvæmd skipulagsbreytinga á starfsemi félagsmiðstöðva eldra fólks í Kópavogi mun áfram sem áður vera gætt að því að upplýsa og eiga samtal við Félag eldri borgara í Kópavogi sem og Öldungaráð Kópavogsbæjar. Lagt er til að velferðarráð vísi tillögu um gerð samkomulags um rekstur félagsmiðstöðvar eldra fólks í Boðarþingi til Hrafnistu, til umfjöllunar og umsagnar í öldungaráði. Gert er ráð fyrir fundi í öldungaráði í vikunni 16. – 20. september. Fulltrúar Hrafnistu munu taka þátt í fundi með öldungaráði og kynna starfsemi

sína og áherslur. Auk þess er gert ráð fyrir almennum kynningafundi í Boðarþingi með fulltrúum Kópavogsbæjar og Hrafnistu 19. september.

Samantekt

Lagt er til að Kópavogsbær gangi til samninga við Hrafnistu/Naustavör um rekstur félagsmiðstöðvar í Boðarþingi, þar sem áhersla verði lögð á þétt samstarf við velferðarsvið hvað varðar uppbyggingu og þróun þjónustu við eldra fólk á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs